

Karlotta Helgadóttir

From: Benony Eiríksson <benonye@simnet.is>
Sent: mánudagur, 9. ágúst 2021 20:39
To: Skipulag
Cc: Pétur Hrafn Sigurðsson - Bæjarfulltrúi
Subject: Byko við Skemmuveg

Samkvæmt gildandi skipulagi, er ekki gert ráð fyrir skrifstofubyggingu við byko og er það ein forsenda þess að ég keypti íbúð í Engihjalla 1 með útsýni í norður austur, það er í mars 2001. Þessi framkvæmd kemur til með að skerða útsýni frá Engihjalla 1 gríðarlega, ásamt hávaðamengun vegna aukinnar umferðar og ætti með réttu að banna innkeyrslu sem og útakstur frá byko og inn á nýbýlaveg á móts við Engihjallann.

Þessi framkvæmd kemur til með að auka vindálag og svipti vinda við engihjallann.

Nú eru yfirstandandi framkvæmdir víða í engihjallanum og unnið samkvæmt samþykktum frá byggingafulltrúa kópavogs, sem hlýtur þá að taka á sig allar leiðréttingar og úrbætur sem varða þær framkvæmdir sem samþykktar hafa verið, samanber útreikninga vegna vindálags t.d.

Annars er þetta lýsandi fyrir stjórnslu kópavogsbæjar, að ætla að lauma þessu í gegn þegar allir eru í sumarleyfi og ekki hægt að ná í nokkurn mann í húsfélögum eða aðra íbúa er mál þetta varðar.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08.2026